Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 30.11. 2018. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8.15 - 09:30

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð, Hrönn Garðarsdóttir, Karítas Guðmundsdóttir, Helga Helgadóttir (fjarvarandi), Hugrún Helga Ketel Björgvin Franz Gíslason Arna Rut Hjartardóttir(fjarverandi en Dröfn Sigurðardóttir kom í hennar stað), Berghildur Björt Egilsdóttir og Elín Björg Símonardóttir.

Dagskrá

1. **Innra mat**

   Skólastjóri fór yfir vinnu umbótateymis skólans og kynnti helstu umbótaverkefni. Umbótaáætlun skólans byggist á rýnivinnu starfsmanna frá 8. júní 2018 og niðurstöðum úr Skólapúlsinum (nemendahluta). Umbótaáætlunin skiptist í 3 þætti:

   a. Verkefni sem tengjast nemendum
   b. Verkefni sem tengjast starfsmönnum
   c. Verkefni sem tengjast stjórnendum

   Hver þáttur hefur undirþætti sem greinast í mismunandi fjölda verkefna. Í heildina skiptast þessir 3 þættir í 30 undirþætti og ábyrgðaraðili/-aðilar eru fyrir hverjum þætti. Staðan 09.11.18 var þannig að 6 þættir eru komnir í þann farveg að teljast loknir en aðrir þættir eru komnir í vinnslu og klárast á skólaárinu.

   Skólastjóri kynnti fyrstu niðurstöður úr Skólapúlsinum sem eru afar jákvæðar. Línan liggur almennt upp á við og ljóst er að mikil umbótavinna er að skila sér í bættu skólastarfi.

   Skólastjóri lagði fram tillögu um að skólaráð yrði einnig matsteymi skólans. Skólaráð samþykkti tillöguna einróma. Skólastjóri mun því koma nauðsynlegum gögnum sem snerta innra mats skólans til skólaráðs. Innra mat mun framvegis vera reglulega á dagskrá skólaráðsfunda og verkefni matsteymis bætast við starfsáætlun skólaráðs.

2. **Tillögur starfshóps um matarmál í grunnskólum Hafnarfjarðar**

   Skólastjóri kynnti tillögur starfshóps um matarmál í grunnskólum Hafnarfjarðar. Þær hlutu góðar viðtökur og munu örugglega bæta líðan og umgjörð nemenda nái þær fram að ganga. Skólaráð lagði til að ávaxtastund í nestistíma yrði nemendum að kostnaðarlausu líkt og hafragrautur í upphafi skóladags. Aðrar athugasemdir voru ekki gerðar.

3. **Skólalóð og húsnæði**

   Skólastjóri kynnti viðhaldsverkefni sem mikilvægt væri að vinna næsta skólaár og benti á að mikilvægi þess að endurbyggja geymslur í húsinu, en þær voru teknar í burtu til að mæta auknum nemendafjölda á sínum tíma. Skólastjóri fór líka yfir hugmyndir sem snúa að endurbótum á skólalóð sem einnig er mikilvægt að fá úrbót á. Skólastjóri mun skrifa bréf í nafni skólaráðs þar sem þessi atriði eru tiltalin og óska eftir fjármagni til úrbóta.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland